

Nd.

69. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Sigurður Kristjánsson.

1. gr.

Aftan við a-lið 7. greinar laganna bætist:

Fæði og húsnæði skipverja á skipum kemur þó eigi hér til greina, ef skattskyldar árstekjur þeirra fara ekki fram úr 2500 krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ástæður.

Frv. þetta hefir verið flutt á tveim þingum næstu hér á undan. Er það nú flutt eins og það var, er það var afgreitt frá Nd. á síðasta þingi. En þingi var slitið, áður en það fékk afgreiðslu í Ed.

Frv. fylgi eftirfarandi greinargerð á fyrri þingum:

Meðal þess, sem meta ber til skattskyldra tekna samkv. a-lið 7. greinar tekjuskatts- og eignarskattlaganna frá 1935, er talið fæði og húsnæði, sem látið er í té í kaupgjaldsskyni.

Hlunnindi þessi munu af skattanefndum almennt metin á 2 kr. á dag, að því er snertir skipverja. En þótt fæði og húsnæði á skipum kosti útgerðirnar eflaust þetta eða meira, er hitt víst, að skipverjarnir sjálfir, að minnsta kosti þeir, sem fjölskyldu hafa fram að færa, hafa af þessum hlunnindum lítinn sparnað á heimilum sínum. Mun óhætt að fullyrða, að hin verri aðstaða, sem skipverjinn hefir til þess, vegna fjarveru sinnar frá heimilinu, að afla nauðsynja til þess á haganlegan og ódýran hátt, vegur fullkomlega á móti því, sem neyzlan á heimilinu verður minni við það, að hann er þar ekki á fæði.